

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Heimili hans og varnarþing er í Reykjanesbæ.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kaupfélagi Suðurnesja og Gunnari Sveinssyni fv. kaupfélagsstjóra er var fyrsti formaður skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 30 ára afmæli skólans og 60 ára afmæli Kaupfélags Suðurnesja.

Sjóðurinn skal heita Styrktarsjóður Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og auka veg skólans með því:

Að styrkja nemendur skólans til náms;

Að styðja við starfsemi sem eflir og styrkir félagsþroska nemenda;

Að veita útskriftarnemum viðurkenningar fyrir góðan árangur í námi og starfi.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10.000.000 kr. er skiptist þannig að Kaupfélag Suðurnesja greiðir 5.000.000 og Gunnar Sveinsson 5.000.000 kr. Varsla og ávöxtun sjóðsins skal vera í Sparisjóði Keflavíkur og ávaxtast með tryggilegum hætti.

5. gr.

Gjafafé og annað það sem sjóðnum áskotnast sameinast stofnfé hans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja er sjálfkjörinn og er hann formaður. Aðrir stjórnarmenn eru tilnefndir af stofnendum sjóðsins einn frá hvorum aðila. Láti stjórnarmaður af störfum skal nýr tilnefndur af stofnendum sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð. Fjölbrautaskóla Suðurnesja er falin framkvæmd þessara þátta. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda sem stofnendur velja og leggja þá fram á aðalfundi sjóðsins.

7. gr.

Úthlutun sjóðsins fer eftir reglum sem stjórn sjóðsins setur og skal afhending viðurkenninga fara fram á skólaslitum á vorönn. Halda skal gerðabók um starfsemi sjóðsins þar sem skráðir eru reikningar sjóðsins og önnur starfsemi s.s. úthlutaðir styrkir og gjafir til sjóðsins.

8. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal aldrei vera meiri en svo að verðgildi sjóðsins rými ekki.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af stofnaðilum og lagðar fyrir sýslumanninn á Sauðárkróki. Verði sjóðurinn lagður niður skal það gert í samráði við stofnaðila og sjóðurinn notaður í þágu Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 25. september 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2007